

### Ósk um eftirgjöf af gatnagerðargjöldum Fornubúðir 5

Fornubúðir fasteignafélag hf óskar eftir við bæjaryfirvöld í Hafnarfirði að félaginu verði veitt eftirgjöf af gatnagerðargjöldum vegna bygginga á lóð félagsins, Fornubúðum 5

Félagið byggir nú fyrir starfsemi Hafrannsóknarstofnun Íslands og er áætlað að stofnunin flytji starfsemi sína til Hafnarfjarðar í október næstkomandi.

Það hefur ekki farið fram hjá neinum þeim er fylgjast með að verulegar tafir hafa orðið á framkvæmdum. Ástæðu þess þekkja allir, þar má nefna vanreifaða niðurstöu Úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála sem og að einhverju leyti formgalla á afgreiðslu skipulagsyfirvalda í Hafnarfirði.


Tafir vegna þessa eru í tíma 6 mánuðir en fjárhagslegur skaði nemur vel yfir 100 milljónum sem helst felst í töpuðum leigutekjum. Ekki er þó séð fyrir endann á þessum tötum þar sem framkvæmdatíminn færðist inn í veturinn en við vonum það besta.

Fornubúðir fasteignafélag hf réðst í að fá „Hafró“ til Hafnarfjarðar og mátti þar etja kappi við Kópavog en á endanum var niðurstaðan sú að hingað kemur stofnunin. Það er ekki sjálfgefið að ná opinberum stofnunum til okkar í Hafnarfjörð og þarf þar ýmislegt að koma til en þó sérstaklega lágt leiguverð sem hér er reyndin.

Félagið telur sig falla innan þeirra marka eða skilyrða sem eiga við um niðurfellingu eða eftirgjöf gatnagerðargjalda og miðað hefur verið við í þeim tilfellum sem þetta hefur verið gert.

Það er ósk okkar að Hafnarfjarðarbær gefi eftir sem nemur 50% af þeim gatnagerðargjöldum sem reiknuð hafa verið til gjalda vegna framkvæmda á lóð félagsins.

Fyrir hönd Fornubúa fasteignafélags hf



Jón Rúnar Halldórsson  
framkvæmdastjóri